

76 fengið, vil jeg hjermeð eptir ósk hlutadeigandi safnaða, samkvæmt 4. gr. í lögum nr. 20. júní 3, 27. febr. 1880, sbr. ráðgjafabrjef 5. maí 1887, veita leyfi til:

- 1, að kirkjan að Fagranesi í Skagafjarðarprófastsdæmi verði lögð niður.
- 2, að kirkjan að Sjáfarborg í sama prófastsdæmi verði einnig lögð niður, þannig að kirkjueigandi haldi sem sinni eign kirkjuhúsinu og sjóði kirkjunnar, eins og hann hefur verið í nýliðnum fardögum, en prestsmatan, 60 pd. smjörs, hvíli að sjálf-sögðu á jörðinni Sjáfarborg eins og hingað til;
- 3, að byggð verði í stað hinna þannig niðurlögðu kirkna ein nægilega stór og sæmi-leg kirkja á verzlunarstaðnum Sauðárkróki fyrir núverandi Fagraness og Sjáfarborgarsóknir; skulu þeirri kirkju lögð áhöld (ornamenta og instrumenta) hinna niðurlögðu kirkna, svo og tekjur Sjáfarborgarkirkju frá fardögum 1891 og sjóður og hús Fagranesskirkju, og verði hin nýja Sauðárkrókskirkja í umsjón og ábyrgð safnaðarins, er leggur fram hið nauðsynlega fje til byggingarinnar.

Þetta er yður hjermeð þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

77

Auglýsing

11. júní um breyting á yfirsetukvænnaumdæmum í Þingeyjarsýslu, (sbr. stjtið. 1889 B, bls. 149-151).

Samkvæmt ályktun amtsráðsins í norður- og austuramtinu 4. p. m., nær hjer eptir 8. yfirsetukvænnaumdæmi Þingeyjarsýslu yfir Þóroddstaðasókn í Kinn og Nessókn að undanteknum Skógum í Reykjahverfi, sem fylgja 7. umdæminu (Húsavíkurhrepp) og 9. umdæmið yfir Helgastaðaprestakall og Grenjaðarstaðasókn, að undanteknum bæjunum Brekknækti, Reykjum, Holtakoti, Þverá og Heiðarbót, sem fylgja 7. umdæminu.

Íslands norður- og austuramt. Akureyri 11. júní 1891.

J. Havsteen.

78

Ágrip

af reikningi landsbankans 1. apríl—30. júní 1891.

	Tekjur:	Kr.	a.
1. Í sjóði 1. apríl		156,665	33
2. Borguð lán:			
a. Fasteignarveðslán	kr. 6,296.99		
b. Sjálfskuldarábyrgðarlán	-- 7,542.37		
c. Handveðslán	— 1,080. >		
d. Lán gegn ábyrgð sveita og bæjarfjelaga	— 26.35	14,945	71
3. Fasteign lögð bankanum út fyrir láni að upphæð.		2,600	>
4. Vixlar innleystir		25,030	>
5. Ávísanir innleystar		554	32
6. Vextir		8,076	19
7. Diskonto		753	07
8. Fasteign tilheyrandi bankanum seld		2,600	>
9. Ýmislegar tekjur		449	58
		Flyt: 211,674	20